



276. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 1. maí 2019 kl. 16:00.

**Mættir:** Lárus L. Blöndal forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson ritari, Ingi Þór Ágústsson, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Örn Andrésson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

**Forföll:** Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Ása Ólafsdóttir, Garðar Svansson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Jón Finnogason og Lilja Sigurðardóttir.

**Forseti setti fund og stýrði honum.**

**Þetta gerðist:**

**1. Útbreiðslustyrkur 2019 til sérsambanda ÍSí**

Gunnar Bragason gjaldkeri kynnti tillögu að skiptingu útbreiðslustyrks til sérsambanda ÍSí. Tillagan samþykkt samhljóða.

**2. Íþróttaping ÍSí**

Framkvæmdastjóri skýrði frá því helsta í undirbúningi fyrir Íþróttapingið. Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, mun ávarpa þingið við þingsetningu sem og Haukur Valtýsson formaður UMFÍ. Boðið verður upp á rútu á milli Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal og Gullhamra bæði fyrir þingsetningu og einnig í tengslum við nefndarstarf. Þingforsetar verða Guðrún Inga Sívertsen og Viðar Halldórsson.

**3. Ólympísk málefni**

Örn Andrésson formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí fór yfir það helsta í undirbúningi ólympískra verkefna og helstu verkefni á sviðinu. Enn á eftir að staðfesta endanlega flugáætlun fyrir leiguflugið með Icelandair á Smáþjóðaleikana í Svartfjallalandi.

ÍSí hefur nýlega fengið staðfestingu á boðssæti í júdó karla -81 kg, áhaldafimleikum karla og bogfimi kvenna á Evrópuleikunum í Minsk og hafa þau sæti verið þegin í samráði við viðkomandi sérsambönd/séríþróttanefndir.

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Örvar Ólafsson aðalfararstjóri munu sækja aðalfararstjórafund í Baku vegna EYOF 2019 strax eftir Íþróttaping.

Örn og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí fylgdu úr hlaði minnisblaði um umfang ólympískra verkefna þar sem velt er upp ýmsum þáttum er varða þátttöku Íslands í þeim. Almennar umræður urðu um málið.

**4. Fagsvið ÍSí**

Þráinn Hafsteinsson formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí fór yfir helstu verkefni á sviðinu. Fagráð og starfsmenn hafa unnið að endurskoðun markmiða sviðsins en endanleg úrvinnsla bíður nýs fagráðs að Íþróttapingi loknu. Þráinn fór yfir nýjustu útskriftirnar á Fyrirmyndarfélögum og deildum og skýrði frá því að umsóknir frá tveimur íþróttahéruðum um vottunina Fyrirmyndarhérað, væru skammt undan.

Hafsteinn Pálsson fór yfir helstu verkefni Almenningsíþróttasviðs ÍSí. Hjólað í vinnuna verður sett 8. maí nk. í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, með aðkomu tveggja ráðherra og borgarstjóra. Vel gengur að vinna heimildarmyndina um Kvannahlaup ÍSí og verður hún sýnd í RÚV um hvítasunnuhelgina.

## 5. Tilnefning í stjórn Íslenskrar getspár

Tillaga um Lárus L. Blöndal forseta og Gunnar Bragason gjaldkera sem aðalmenn í stjórn Íslenskrar Getspár og Örn Andrésson stjórnarmeðlim og Líneyju Rut Halldórsdóttur framkvæmdastjóra sem varamenn samþykkt.

Samþykkt var að setja skipan fulltrúa í stjórn Getspár á dagskrá fundar framkvæmdastjórnar ÍSÍ vel tímanlega fyrir næsta aðalfund Getspár til að málið hljóti næga umfjöllun.

## 6. Breytingar á lögum KSÍ

Forseti fór yfir feril málsins.

Bréf var sent til KSÍ 26. mars sl. þar sem skýrt var frá því að ÍSÍ staðfesti lög KSÍ að undanskilinni breytingu á grein 14.2 í lögum sambandsins. Forseti ÍSÍ og formaður KSÍ hafa átt nokkur samskipti vegna málsins. Beðið er eftir bréfi frá KSÍ þar sem lögð verður til ákveðin lausn varðandi grein 14.2. Frekari umfjöllun frestað til næsta fundar.

## 7. Skipan vinnuhóps um rafleiki

Á síðasta fundi stjórnar var samþykkt að skipa vinnuhóp til að skoða nánar stöðu rafleikja á Norðurlöndunum og stöðu rafleikja innan Alþjóðaólympíunefndarinnar og annarra íþróttasamtaka sem ÍSÍ á aðild að. Þá var einnig samþykkt að Þráinn Hafsteinsson leiði hópinn.

Samþykkt að skipa Viðar Garðarsson einnig í hópinn og kalla eftir tilnefningum frá AKÍS, KSÍ og ÍBR.

Umræður urðu um málefnið og nauðsyn þess að skoða það frá öllum hliðum. Forseti mun fjalla um rafleiki í ávarpi sínu við þingsetningu Íþróttapings ÍSÍ.

## 8. Reglugerð um Íþróttamannanefnd ÍSÍ

Tekin fyrir drög að reglugerð um Íþróttamannanefnd ÍSÍ.

Reglugerðin samþykkt með breytingu á 2. grein. Skrifstofu falið að birta reglugerðina á heimasíðu ÍSÍ.

## 9. Áskoranir frá ársþingum sambandsaðila

Eftirfarandi áskoranir frá ársþingum sambandsaðila ÍSÍ lagðar fram og kynntar:

- Áskorun frá ÍBR um siðareglur og siðanefnd
- Áskorun frá HSK þingi um íslenska málstefnu
- Áskorun frá ársþingi HSÍ um þjóðarleikvanga

## 10. Skýrsla vinnuhóps um Íslenskar gettraunir – niðurstöður og aðgerðaráætlun

Skýrslan lögð fram. Framkvæmdastjóri Getspár og Getrauna mun kynna skýrsluna, niðurstöður og aðgerðaráætlun fyrir nýrri stjórn ÍSÍ eftir Íþróttaping ÍSÍ.

## 11. Nefndasvið Alþingis – Frumvarp til laga um almannaeiðisálag, 785. mál

Óskað hefur verið eftir umsögn frá ÍSÍ um ofangreint frumvarp til laga. Vísað til skrifstofu að sækja um lengri skilafrest en greina þarf frumvarpið með tilliti til starfsemi og skipulags íþróttahreyfingarinnar.

## 12. Nefndasvið Alþingis – Frumvarp til laga um lýðskóla, 789. mál

Óskað hefur verið eftir umsögn frá ÍSÍ um ofangreint frumvarp til laga. Vísað til skrifstofu til skoðunar.

## 13. Heiðranir

Eftirfarandi heiðranir voru samþykktar í gegnum tölvupóst:

**Umf. Afturelding (UMSK) 110 ára:**

Helga Jóhannesdóttir – Gullmerki ÍSí  
Hlynur Chadwick Guðmundsson – Silfurmerki ÍSí  
Jón Pálsson – Silfurmerki ÍSí  
Geirharður Long – Silfurmerki ÍSí

**14. Fundargerðir**

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 275. fundur framkvæmdastjórnar
- 6. og 7. fundur framkvæmdaráðs ÍSí
- 250. fundur Afrekssjóðs ÍSí frá 24. apríl 2019

**Ákvörðun Afrekssjóðs ÍSí um niðurfellingu úthlutana samþykkt.**

- 179. fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí frá 17. apríl 2019
- 103. fundur Almenningsíþróttasviðs ÍSí frá 16. apríl 2019
- Verkefnasjóður ÍSí frá 1. maí 2019

**Tillögur Verkefnasjóðs ÍSí um styrkveitingar úr sjóðnum skv. ofangreindri fundargerð samþykktar samhljóða.**

- Laganefnd frá 29. apríl 2019

**Tillögur nefndarinnar um afgreiðslu mála samþykktar.**

**15. Viðburðir framundan**

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

**16. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí**

Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSí verður haldinn fljótlega eftir Íþróttaping ÍSí.

**17. Önnur mál**

*Kolefnisjöfnun*

Forseti skýrði frá því að hann hafi áhuga á því að ÍSí sýni gott fordæmi og kolefnisjafni sína starfsemi, ekki síst í ljósi þess að fjölmargir ferðast flugleiðis á vegum sambandsins á ári hverju. Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með þessa hugmynd og hún samþykkt samhljóða. Einnig samþykkt að skora á sambandsaðila ÍSí að skoða þessi mál og fylgja fordæmi ÍSí.

*Smáþjóðaleikar 2019*

Forseti skýrði frá því að í leiguflugvél Icelandair, sem flýgur íslenskum þátttakendum til keppni á Smáþjóðaleikunum í Svartfjallalandi, yrðu sennilega nokkur laus sæti í boði. Stjórnarfélagi byðist að bóka sig í sætin, ef áhugi væri fyrir hendi, til samræmis við umræður stjórnar um tækifæri til að sækja einn ólympískan viðburð á kjörtímabilinu. Fundarmenn beðnir að setja sig í samband við framkvæmdastjóra ÍSí vegna málsins.

*Starfsreglur stjórnar*

Samþykkt að setja starfsreglur stjórnar um meðal annars óhæði stjórnarmanna til ákvörðunartöku í einstökum málum.

Í lok fundar þakkaði forseti framkvæmdastjórninni fyrir gott samstarf á síðustu tveimur árum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.  
Halla Kjartansdóttir, fundarritari

